



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2023, fimmtudaginn 21. september kl. 10.20 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 5. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 2. hæð, Sjónarhól. Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var: Natan Freyr Guðmundsson

**Þetta gerðist:**

**1. Hallgerðargata - tillaga um bann við lagningu ökutækja**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Hallgerðargötu milli Borgartúns og Kirkjusands.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

**2. Sæmundargata og Sturlugata – tillaga um bann við lagningu ökutækja**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Sturlugötu
- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Sæmundargötu milli Sturlugötu og Hringbrautar

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Samþykkt

**Fundi slitið kl. 10.25**



Reykjavíkurborg

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Deild samgangna og borgarhönnunar

---

### ***Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Hallgerðargötu***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Hallgerðargötu milli Borgartúns og Kirkjusands.

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Í Hallgerðargötu hefur borið á því að ökutækjum sé lagt í götunni með þeim afleiðingum að útsýni skerðist sem getur valdið hættu fyrir önnur ökutæki sem og óvarða farþega. Lagt er því til að óheimilt verði að leggja í Hallgerðargötu að undanskildum útskotum sem auðkennd eru sem stæði fyrir lagningu ökutækja.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*starfandi deildarstjóri samgangna*

Hjálagt: Yfirlitsmynd af Hallgerðargötu merkt með fyrirhuguðum umferðarmerkjum<sup>o</sup>



Yfirlitsmynd af Hallgerðargötu



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Deild samgangna og borgarhönnunar

### ***Tillaga um bann við lagningu ökutækja í Sturlugötu og Sæmundargötu***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegnaí Sturlugötu
- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Sæmundargötu milli Sturlugötu og Hringbrautar

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Borið hefur á því að ökutækjum sé í ríkari mæli lagt í kanti Sturlugötu og Sæmundargötu eftir að gjaldtaka hófst stæðum innan valdra lóða á háskólasvæðinu. Með lagningu ökutækja getur skapast hættu þegar ökutæki mætast og einnig skapast hættu fyrir óvarða vegfarendur þar sem ökutækjum er lagt nálægt göngubverunum.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*starfandi deildarstjóri samgangna*

Hjálagt: Yfirlitsmynd af Sturlugötu merkt með fyrirhuguðum skiltum

Yfirlitsmynd af Sæmundargötu merkt með fyrirhuguðum skiltum







